

Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um skráningu trúar- og lífsskoðana.

Frá Andrésí Inga Jónssyni.

1. Telur ráðherra það samrýmast persónuverndarsjónarmiðum að hið opinbera haldi skrá um trúar- og lífsskoðanir Íslendinga?
2. Hvers vegna er óheimilt að vera skráður í fleiri en eitt trúar- eða lífsskoðunarfélag og telur ráðherra þessa takmörkun samræmast sjónarmiðum um persónufrelsi?
3. Hvernig er aðgengi að skrá um trúar- og lífsskoðanir háttað og hafa verið gerðar ráðstafanir til að tryggja að upplýsingar úr skránni verði ekki misnotaðar, t.d. til að efna til sérstakra rannsókna á einstaklingum á grundvelli yfirlýsinga þeirra um trúarhætti eða lífsskoðanir?
4. Sér ráðherra fyrir sér leiðir til að útdeila fé til trúar- og lífsskoðunarfélaga án þess að haldin sé sérstök skrá um trúar- og lífsskoðanir allra íbúa landsins?

Skriflegt svar óskast.